

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina
Bakkasel í Öxnadalshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Öxnadalshreppi í Eyjafjarðarsýslu eyðijörðina Bakkasel fyrir verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stjórn Utanverðunesslegats heimilast með lögum þessum að selja ábúanda hálfa jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi, enda verði hún gerð að ættaróðali. Enn fremur heimilast stjórn legatsins að selja hinn helming jarðarinnar, ef ábúð á þeim hluta jarðarinnar er tryggð eða önnur sú starfsemi, sem jafngildir ábúð. Sama gildir um þann hluta jarðarinnar, sem um ræðir í 1. málslíð, ef ábúandi gengur frá.

Jörðin skal seld því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð.

Andvirði jarðarinnar skal vera eign Utanverðunesslegats.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.